

Ed.

486. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 13. gr.
 - a. Í stað orðanna „vinna sér inn $\frac{1}{4}$ þess“ í 1. málsg. komi: vinna sér inn $\frac{1}{2}$ þess.
 - b. 2. málsg. orðist svo:

Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.
2. Við 16. gr. Næstsiðasta málsg. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 8640.00.
3. Við 50. gr. Síðasti másl. 5. málsg. orðist svo:

Sjúkradagpeningar húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu ekki vera lægri en kr. 50.00 á dag.
4. Á eftir 67. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.